

Íslenska 1. bekkur

Kennarar: Berglind Þóra Haraldsdóttir; Sandra Mjöll Andrésdóttir

1

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Aðaláhersla á haustönn er á lestrarkennslu. Lagðir eru inn tveir til þrír bókstafir á viku samhliða lestri og skrift. Í kennslustundum er unnið með hljóðkerfisvitund. Á vorönn er aukin áhersla á lestur, lesskilning, skrift og ritun. Leitast er við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir, s.s. beina kennslu/innlög, námsleiki, para/hópavinnu, framsögn, umræður, verklegar æfingar, útikennslu o.fl. Kennt er samkvæmt kennsluaðferðinni *Vörður og vegvísir*. Í upphafi hverrar viku er innlög þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar t.d. stafi og hljóð. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Stafainnlög, lestur, skrift, markviss málörvun, ritun, grunnþættir í málfræði, talað mál og hlustað.

Vorönn

Lestur og bómenntir, skrift, markviss málörvun, ritun, grunnþættir í málfræði, talað mál og hlustað.

Námsaðlög

Námið er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Að hausti er könnuð stafaþekking/lestarþekking nemenda. Í *Talað og hlustað* er jafningjamat í lok hvers tíma (þrjár stjórnur og ein ósk). Í október er lögð fyrir lesskimunin "Leið til læsis". Fjórum sinnum á skólaárinu eru lögð fyrir lesfimiþróf Menntamálastofnunar.

Námsgögn

Lestarbækur frá *Vörður og vegvísir*. Lestarbækur af leslista skólans. Lestrarlandið og ýmsar sögubækur. Markviss málörvun. Verkefni og amboð af vef [www.123skoli.is](#). Ítalíuskraft 1a og 1b.